

1977 til greiðsludags og kr. 280.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 1. júní 1981.

Nr. 181/1979. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Jakob Gísla Ágústssyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Brot gegn lögum um lax- og silungsvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóminn kvað upp Lúðvík Emil Kaaber, fulltrúi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Í ákæruskjali segir, að veiðieftirlitsmenn og lögreglumenn hafi dregið upp net ákærða, en eigi er greint, að ákærði og sonur hans tækju upp net. Ekki girðir þetta fyrir það, að dómur verði lagður á ákæruefni, sbr. 3. málgr. 118. gr. laga nr. 74/1974. Tímasetningu í ákæruskjali skeikar eigi svo, að neinu nemi.

Ákærði gekkst við því fyrir dómi að hafa lagt þrjú net undan landi jarðar sinnar mánudaginn 17. júlí 1978. Er veiðiverðirnir Konráð Már Eggertsson og Örn Sævar Eyjólfsson tóku að draga upp netin um kl. 1840 þennan dag, voru ákærði og sonur hans komnir á vettvang og tóku upp eitt net. Veiðiverðir kváðu einn lax hafa verið í netum þeim, er þeir tóku upp, en hann slapp, er þeir drógu netin.

Atferli ákærða varðar hann refsingu samkvæmt 1. málgr. 19. gr., sbr. 4. málgr. 14. gr., og c lið 1. málgr. 97. gr. laga nr. 76/1970. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1.000.00

nýrra króna sekt, er renni í ríkissjóð. Rétt þykir eftir atvikum að fresta fullnustu refsingar, og skal hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rjúfi ákærði nefnt skilorð, sæti hann 7 daga varðhaldi, ef hann greiðir ekki sektina innan 4 vikna frá því, að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd. Samkvæmt 100. gr. laga nr. 76/1970 ber að gera net ákærða, þau sem hann lagði og ákæruskjal vikur að, upptæk til ríkissjóðs.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 1.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jakob Gísli Ágústsson, greiði 1.000.00 nýrra króna sekt til ríkissjóðs, en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, verður haldið. Rjúfi ákærði nefnt skilorð, sæti hann 7 daga varðhaldi, ef hann geldur eigi sektina innan 4 vikna frá því, að honum er tilkynnt, að refsing verði framkvæmd.

Ákvæði héraðsdóms um eignarupptöku og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 1.500.00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómsslögmanns, 1.500.00 krónur.

Dómj þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Húnavatnssýslu 24. nóvember 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þessa mánaðar, er höfðað með ákæru, dagsettri 15. september 1978, gegn Jakob Gísla

Ágústssyni, bónda á Lindarbergi, Kirkjuhvammshreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, fæddum að Kirkjuhvammi, Kirkjuhvammshreppi hinn 6. ágúst 1921, fyrir að hafa mánudagsmorguninn 17. júlí 1978 lagt þrjú silunganet í sjó fyrir Grafarmelum í landi ákærða og látið þau liggja í sjó, þar til veiðiverðir og lögreglumenn drógu þau í land um kl. 1840 þann dag.

Telst þetta varða við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr., sbr. 1. mgr. 97. gr., og 98. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til þess að þola upptöku ofangreindra neta samkvæmt 100. gr. fyrrnefndra laga.

Ákærði hefur ekki áður sætt kærú eða refsingu, svo kunnugt sé.

Eftir því sem fram hefur komið í vitnaskýrslum eru málavextir þeir, að mánudag 17. júlí 1978, um kl. 1530, voru tveir veiðieftirlitsmenn á ferð um Vatnsnes í þeim tilgangi að huga að silunganetum í sjó. Á svonefndum Grafarmelum skammt norðan af bænum Lindarbergi veittu þeir athygli netum, er lögð höfðu verið í sjó út frá ströndinni. Um eða laust eftir kl. 1840 fóru þeir að netum þessum í fylgd lögreglu og hófust handa um að draga þau í land. Meðan á þeim starfa stóð, kom á fund þeirra bóndinn að Lindarbergi, ákærði í máli þessu. Kvaðst hann eiga þrjú neta þeirra, sem þarna voru, og hann hefði lagt þau þá um morguninn.

Samkvæmt bréfi ríkissaksóknara, dagsettu 22. ágúst 1978, var ákærða gefinn kostur á dómssátt vegna meints brots gegn lögum um lax- og silungsveiði. Hafnaði hann því. Að ósk hans var honum síðan skipaður verjandi hinn 4. október 1978, og var skrifleg vörn lögð fram í réttarhaldi hinn 10. nóvember 1978. Var þess þar krafist af hálfu ákærða, að hann yrði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í málinu og að málsvarnarlaun skyldu greidd úr ríkissjóði.

Í vörn er því ekki mótmælt, enda afdráttarlaust viðurkennt af ákærða, að hann lagði silungsnet í sjó fyrir landi jarðar sinnar umræddan morgun og að netin lágu þar, uns veiðieftirlitsmenn komu á vettvang að kvöldi sama dags. Sé því ekki ágreiningur um staðreyndir málsins.

Um lagaatriði sé hins vegnar það að segja, að svo lengi sem lög hafi verið á landi hér hafi einkaréttur jarðareiganda til veiða í netlögnum verið viðurkenndur. Þrátt fyrir setningu laga nr. 76/1970 hafi ákærði ekki verið sviptur þeim rétti til óheftra veiða, sem frá fornu fari hafi fylgt landareign hans. Slík skerðing á eignarrétti að fasteign sé andstæð 67. gr. stjórnarskrár. Eru í

vörninni færð rök að því, að þótt takmörkun 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 á rétti fasteignareiganda til fiskjar í netalögum sé almenns eðlis og taki til allra eigna af tilteknu tagi og eins er ástatt um, sé ekki fyrir að fara almennum efnislegum ástæðum, sem réttlæti slíka skerðingu eignarréttarins, en tilvist slíkra ástæðna sé skilyrði umræddrar skerðingar. Ekki sé til að dreifa sönnun eða líkum fyrir því, að silungur í sjó sé ofveiddur, og önnur efnisleg rök séu ekki fyrir hendi. Til þess að skoðanir manna, sem ekki eru byggðar á vísindalegum rannsóknum eða studdar efnislegum rökum um smæð og ofveiðihættu fiskstofns, sem frá alda öðli hafi verið löglega nýttur af fasteignareiganda í netlögum, geti orðið grundvöllur löggjafar, sem takmarki þennan eignarrétt, verði þær að vera rökstuddar. Hugboð manna eða órökstuddar skoðanir um þessi atriði geti ekki orðið grundvöllur slíkrar löggjafar og brot á slíkum „lagaákvæðum“ geti ekki varðað refsingu.

Í vörn er einnig talið vafasamt, að með setningu 4. mgr. 14. gr. fyrri laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957, sem er samhljóða 4. gr. nógildandi lax- og silungsveiðilaga nr. 76/1970, hafi það verið ætlun Alþingis að stytta veiðitíma silungs í sjó úr 168 klukkustundum á viku í 84. Ekki sé minnst á slíka veiðiskerðingu í greinargerð með frumvarpi að lögum nr. 53/1957 og tilurð og saga ákvæðis 4. mgr. 14. gr. laga nr. 53/1957 bendi til þess, að hinu nógildandi ákvæði 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki verið ætluð slík afleiðing. Vafi um, hvort ákvæði 4. mgr. 14. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 76/1970 séu gildandi íslenskur réttur svo og vafi um, hvort skýra beri ákvæði þessi svo, að þau taki til verknaðar ákærða, eigi því að koma ákærða til góða og leiða til sýknunar af kröfum ákæruvaldsins.

Í vörn er þeirri athugasemd hreyft, að í ákæruskjali sé röng atvikalýsing, að veiðiverðir og lögreglumenn hafi dregið 3 net á land við Grafarmela í umrætt skipti, þar sem ákærða og veiðieftirlitsmönnum beri saman um, að þeir hafi aðeins dregið 2 netanna og ákærði sjálfur það þriðja. Enn fremur verður að ætla það ranga tímasetningu, að net þessi hafi verið dregin á land um kl. 1840 umræddan dag, því samkvæmt vitnaskýrslu hafi veiðiverðir þá verið staddir á Norðurbraut í ca 9 km fjarlægð frá Grafarmelum. Þess er einnig getið, að áður en atburðir þeir gerðust, sem orðið hafi tilefni ákæru í máli þessu, hafi ákærði ásamt öðrum eigendum sjávarveiði í Kirkjuhvammshreppi höfðað mál fyrir aukadómpingi Húnavatnssýslu gegn Veiðifélagi Miðfirðinga

og ríkissjóði til viðurkenningar á rétti sínum til að stunda veiðar aðrar en laxveiðar í netalögnum jarða sinna alla daga vikunnar.

Takmörkun 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 á veiði göngusilungs virðist gerð með friðunarsjónarmið í huga. Þótt svo kunni að vera, að rannsókn á sóknarþoli eða stofnstærð hafi ekki farið á undan setningu lagaákvæðanna, telur rétturinn sér ekki fært að endurskoða mat löggjafans á nauðsyn, þörf eða hallkvæmi þeirra. 67. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 verður því ekki talin orka á 1. mgr. 19. gr. og 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 með þeim hætti, að til sýknu leiði af kröfum ákærvaldsins í máli þessu. Í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 76/1970 segir, að veiði göngusilungs í sjó skuli hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni eftir því sem unnt er. Samkvæmt þessum orðum ákvæðisins þykir verða á því að byggja, að ákvæði 1. mgr. 19. gr. sömu laga um 84 stunda friðun göngusilungs á viku hverri sé jafnt ætlað að gilda um silungsveiði í sjó sem í ósöltu vatni. Gallar þeir á atvikalýsingu ákæruskjals, sem réttilega er fundið að í vörn, þykja ekki þess eðlis, að sýknu valdi. Þrátt fyrir málshöfðun ákærða og annarra eigenda sjávarveiði í Kirkjuhvammshreppi gegn Veiðifélagi Miðfirðinga og ríkissjóði verður ekki talið, að litispendensáhrif standi því í vegi, að dómur verði lagður á kröfur ákærvaldsins í þessu máli, enda er hér ekki um sömu kröfur að ræða milli sömu aðilja.

Með vitnaskýrslum svo og eigin skýrslu ákærða þykir í ljós leitt, að hann hafi mánudag 17. júlí 1978 látið net liggja í sjó í því skyni að veiða í þau silung. Þykir sannað, að um var að ræða net, sem til silungsveiða voru fallin. Hefur ákærði því gerst brotlegur við 1. mgr. 19. gr., sbr. 4. mgr. 14. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 og unnið til refsingar samkvæmt c lið 1. mgr. 97. gr. þeirra, sbr. 98. gr. sömu laga. Þykja lagaákvæði þessi nægilega tilgreind í ákæruskjali.

Ekki er kunnugt um, að ákærði hafi áður gerst brotlegur við landslög. Í vörn eru rök að því færð, að ákærði hafi ekki talið sig fremja lögbrot, er hann lagði net sín. Hann játaði verknað sinn fúslega og virðist hafa skýrt þar hreinskilningslega frá öllum atvikum. Enda þótt þetta þyki mega virða ákærða til málsbóta, verður það honum ekki til refsileysis, eins og á stendur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Dæma ber ákærð til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin laun

skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000. Samkvæmt 100 gr. laga nr. 76/1970 skulu net þau, sem ákærði notaði til veiðanna, upptæk gerð til ríkissjóðs, eins og krafist er í ákæru.

Dómsorð:

Ákærði, Jakob Gísli Ágústsson, greiði 25.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 2 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin laun skipaðs verjanda síns, Gunnars Sæmundssonar héraðsdómslögmanns, kr. 110.000.

Þrjú net, er ákærði notaði til silungsveiða hinn 17. júlí 1978, eru upptæk til ríkissjóðs.

Mánudaginn 1. júní 1981.

Nr. 108/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Gunnlaugi Eggertssyni

(Gunnar Sæmundsson hdl.).

Brot gegn lögum um lax- og silungsveiði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Arngrímur Ísberg, fulltrúi sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

Ríkissaksóknari krefst þess, „að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru, en dómsorð í héraði staðfest“.

Verjandi krefst sýknu af kröfum ákærvalds í málinu.

Atferli ákærða er lýst í héraðsdómi. Varðar það við 1.